



Reykjavíkurborg  
Umhverfis- og skipulagssvið

Reykjavík, 26. september  
2018  
USK2018070041  
5.12

Ráðhús Reykjavíkur

***Svar við fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins og áheyrnarfulltrúa  
Sócialistaflokksins, Miðflokksins og Flokks fólksins um Torg í biðstöðu - R18070143***

Á fundi borgarráðs 19. júlí 2018 var óskað eftir ítarlegum upplýsingum um hvaða reglur gildi um Torg í biðstöðu, forgangsröðun þeirra og kostnað við þessi verkefni. Jafnframt var þess óskað að fram færi kynning á þeim verkefnum, sem í gangi voru sumarið 2018 í verkefninu „Torg í biðstöðu“. Kynning fór fram á fundi borgarráðs 6. sept 2018.

Torg í biðstöðu verkefnið hefur verið í gangi á torgum og almenningssvæðum í borginni frá árinu 2011. Markmið verkefnisins eru að lífvæða og endurskilgreina svæði með tímabundnum lausnum, stuðla að sjálfbærri þróun svæða, auka fjölbreytta notkun almennings á svæðunum og styðja við þær áherslur sem settar eru fram í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030, m.a. um skipulag vistvænna hverfa, vistvænar samgöngur og gæði byggðar.

Ábyrgð og framfylgd verkefnisins er hjá starfsmönnum borgarhönnunar á skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar.

Í mars er auglýst eftir umsóknum fyrir sumarið. Auglýsingin er birt á vef borgarinnar, miðlað á samfélagsmiðlum Reykjavíkurborgar og fréttatilkynning send á alla helstu fjölmiðla. Í umsóknum er óskað eftir ítarlegri lýsingu á fyrirhuguðu verkefni og kostnaðaráætlun, ferilskrá umsækjenda og rökstuðningi á því hvernig verkefnið styður við markmið Torga í biðstöðu og Aðalskipulags Reykjavíkur. Umsóknarfrestur er u.þ.b. mánuður.

Verkefnin eru alla jafna í gangi á tímabilinu maí til september og geta ýmist verið viðburðarhald af einhverjum toga, innsetning/endurhönnun á svæði eða hvorttveggja í senn. Dæmi eru um verkefni sem fengið hafa framhaldslíf eða verið undanfari varanlegri framkvæmda.

Starfsmenn borgarhönnunar fara yfir allar umsóknir sem berast, velja verkefni til þátttöku og gera samning um greiðslur til umsækjenda. Greiðslurnar standa bæði undir efniskostnaði og vinnu umsækjenda. Greiðslurnar eru afgreiddar í tvennu lagi, 60% við upphaf verks og 40% við verklok. Við val á umsóknum er fyrst og fremst lagt mat á hversu vel hugmyndin samræmist markmiðum verkefnisins og hver áætlaður kostnaður er. Einnig er litið til þess hvort sama eða sambærilegt verkefni hefur áður verið valið til þátttöku og hver reynslan af því hefur verið.

Í ár voru sjö verkefni unnin undir merkjum Torga í biðstöðu:

- **BOX – Götumatarmarkaður í Skeifunni**
  - o Kostnaður: 5.000.000 kr. + vsk
- **Sólgarðar – Borgarbúskapur í Sóltúni**
  - o Kostnaður: 2.600.000 kr.
- **Hvílustæði (Parklet) – Melhagi/Hofsvallagata**
  - o Kostnaður: 1.500.000 kr.
- **Pocce – Bocciavellir á Vítatorgi**
  - o Kostnaður: 2.000.000 kr.
- **Precious Plastic – Plastendurvinnslustöð í Skeifunni**
  - o Kostnaður: 2.700.000 kr.
- **Kvöldfriður – Yogakvöld í Laugarnesi, 4 skipti**
  - o Kostnaður: 130.000 kr.
- **Pop-up Yoga – Yogatímar víðsvegar um borgina, 13 skipti**
  - o Kostnaður: 550.000 kr.

Edda Ívarsdóttir

Verkefnastjóri borgarhönnunar